

Pési



Lesið þetta

- Menntaverðlaun Suðurlands
- Auglýsingar
- Fréttir
- Múrbúðin opnar
- Námskeið

Næsti Pési kemur út 12.mars Skil á efni er 8. mars

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Fréttir	3
Körfubolti	10
Fótbolti	11
Fréttatilkynning	14
Zero	17

Febr 2010

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólfur Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

20. árgangur. 235. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Ný verslun í burðarliðnum og ekkert kreppuvæl!

Jóhann Unnar Guðmundsson lætur sér ekki nægja að flytja vörur í uppsveitirnar, eða keyra leigubíl á kvöldin heldur hefur hann ákveðið að opna Byggingarvöruverslun undir merkjum Múrbúðarinnar hér á Flúðum. Ef allt gengur eftir mun verslunin opna í húsnæði Unnars að Smiðjustíg 6a. Múrbúðin er þekkt fyrir lágt vöruverð og skemmtilegar auglýsingar. Það er ánægjulegt þegar framtakssamir menn taka til hendinni. Til gamans má geta þess að kona Jóhanns Unnars, Hlíf Sigurðardóttir rekur Snyrtistofuna Violu hér á Flúðum.





“Hvað er í troginu Sigga??” Frá þorablóttinu 30 jan sl

Ljós: SigSigm



Guðmann á fullri ferð í “smalanum” í 1.umf Uppsveitadeildarinnar. Ljós: SigSigm

Menntaverðlaun Suðurlands falla Flúðaskóla í skaut.

Menntastofnanir okkar bæði leik – og grunnskóli eru þær stofnanir sem skipta hvað mestu máli í samfélaginu. Þetta eru stærstu vinnustaðir sveitarfélagsins, þarna er lagður grunnur að samskiptamynstri barnanna okkar og á margin hátt lagður grundvöllur að framtíð þeirra að ógleymdum þætti foreldra og uppalenda. Stærsti hluti af útgjöldum sveitarfélagsins fer einmitt í það að reka skólana. Góð samskipti heimila og skóla er lykilatriði. Þess vegna verður alltaf að kappkosta að starf þessara stofnana sé kröftugt, frjótt og skapandi. Húsnæði og aðstaða er eitt, en enn meira máli skiptir hvernig starf fer fram innandyra. Skólinn og leikskólinn eru lifandi stofnanir þar sem enginn dagur er eins. Nýr dagur kallar á ný verkefni, ný viðfangsefni andinn sveiflast ekki ólíkt því sem gerist í veðrinu. Það gladdi okkur verulega þegar Flúðaskóli fékk Menntaverðlaun Suðurlands árið 2010 en þetta er í annað sinn sem menntaverðlaunin eru afhent. Á síðasta ári var það Fræðslunet Suðurlands sem varð aðnjótandi þessarar vegsemdar. Þarna hafa margir lagt hönd á vogaskálarnar. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps óskar skólastjórnendum, kennurum, starfsmönnum og síðast en ekki síst nemendum sjálfum til hamingju með þessa vegsemd. Gamalt máltæki segir „vandi fylgi vegsemd hverri“. En óneitanlega hljótum við að vera stolt af þessum verðlaunum. Það er gaman að velta fyrir sér hugtakinu „það er leikur að læra“. Eftir því hugtaki vinnur skólinn okkar. Sama er að segja um leikskólann. Við erum á sama hátt afar stolt af starfi hans. Það er einnig gaman að geta þess að stjórnendur hans og starfsmenn hafa verið fengnir til þess að segja frá starfi hans í öðrum leikskólum og oft koma leikskólastjórnendur og starfsmenn skólanna í heimsókn í leikskólann til þess að fræðast um starfsemi hans. Þá hefur ófaglært starfsfólk bæði skóla og leikskóla verið duglegt við að afla sér viðbótarmenntunnar. Um leið og nauðsynlegt er að gott samband sé á milli heimila og skóla skiptir og miklu máli að góð samskipti séu á milli hreppsnefndarmanna og skólans. Fræðslunefnd Hrunamannahrepps er afar virk og tengja þau Halldóra Hjörleifsdóttir sem er formaður fræðslunefndar Esther Guðjónsdóttir og Unnsteinn Eggertsson starf skólans inn í hreppsnefnd Hrunamannahrepps. Foreldrafélag Flúðaskóla virkt og velviljað eins og reyndar Kvenfélag Hrunamannahrepps allt leiðir þetta til þess að gott samfélag verður enn betra.

Ísólfur Gylfi Pálmason,
sveitarstjóri.

Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

Nýtt fyrirtæki

Það er alltaf ánægjulegt þegar ný fyrirtæki eru stofnuð í hreppnum. Jóhann Unnar Guðmundsson hefur fest kaup á leigubíl sem tekur 8 farþega. Númerið á leigubílastöðinni er 893-1462. Þetta er náttúrulega frábær þjónusta í ekki stærra samfélagi en okkar. Áður hafði Árni Hjaltason staðið um tíma fyrir leigubílastarfsemi, einnig Daníel Halldórsson og þar á undan Sigurjón Kristinn Guðmannsson en hann hóf hér leigubílaakstur hér fyrir allmörgum árum. Þetta leiðir vonandi til þess að menn freistist ekki til að keyra fullir, eins og karlinn á Selfossi sem hafði verið tekinn fullur og misst skírteinið og þegar löggan tók hann í annað sinn og það um ökuskírteinið sagði karlinn að bragði: „Nei strákar mínir – þið eruð með það og ef ekki þið þá hann Ólafur Helgi, sýslumaður“.

Hjónaball – þjóðaratkvæði

Það hefur ekki farið framhjá íbúum Hrunamannahrepps að hjónaballið sem er ein af mestu hátíðum samfélagsins verður 6. mars n.k. Svo illa vill til að þennan sama dag hefur verið ákveðið að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave málið. Frómir menn segja að formaður Hjónaballsnefndar og formaður Kjörnefndar hafi haft sambandi bæði við Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingrím Sigfússon og beðið þau um að flýta eða fresta þjóðaratkvæðagreiðslunni. Sagt er að mikið hik hafi komið á þessa forystumenn en þar sem búið var að prenta kjörseðlana hafa þau ekki bakkað enn. Það fylgdi sögunni að þau hafi tekið sér drjúgan umhugsunartíma og lagt sig í líma við að ná samkomulagi í Icesave málinu ekki síst fyrir erindi þessara forystumanna okkar og víst er að verulegt skrið komst á samningaviðræður vegna þessa, Hrunamönnum og öðrum Íslendingum til mikillar ánægju. Nú er talað um að Jóhanna sé í fríu m.a. til þess að íhuga betur þessa ósk. Við bíðum spennt eftir niðurstöðum? Hjónaballinu verður hins vegar ekki frestað það er mikilvæg hátíð í sveitinni.

Heill Ljósmyndaklúbbur í heimsókn á Flúðum

Ákveðið hefur verið að halda fund í Ljósmyndaklúbbnum. Blik hér á Flúðum 27. apríl n.k. Klúbbfélagar munu taka myndir af bæði fegurð og ljótleika samfélagsins. Þesinn treystir íbúum til þess að fegurðin verði ljótleikanum yfirsterkari. Guðjón Emilsson er virkur meðlimur í ljósmyndaklúbbnum og á hann margar fallegar ljósmyndir inn á heimasíðu hreppsins fludir.is.

Fjör í Reiðhöllinni – sölusýning framundan!

Fyrsta uppsveitamótið í fjögurra móta röð hefur farið fram í hinni glæsi-
legu reiðhöll á Flúðum. Næstu mót verða haldin 26. febrúar í fjörgangi,
26. mars í fimmgangi og það síðasta 23. apríl en þá verður keppt í tölti
og fljúgandi skeiði. Margir hestamenn eru í hreppnum og nágranna-
sveitarfélögunum. Einn þeirra er Ásgeir frá Kaldbak. Hann er skemmti-
legur sögumaður og sagði frá frábærum hesti sem hann átti. Hesturinn var
öllum kostum búinn, fallegur og hafði allar gangtegundir, eini gallinn við
hestinn var að ómögulegt var að nota hann. Þess vegna kallaði hann
gripinn Krata. Hvað sem það segir okkur? Þess má einnig geta að efnt
verður til sölusýningar í reiðhöllinni á Flúðum í dag, föstudaginn 12.
febrúar kl. 20.00. Ég er viss um að þar verða karskir karlar sem vanir eru
að bjóða í hesta t.d. í stóðhestaréttum eða jafnvel í Hrunaréttum. Sannar-
lega vanir menn þar á ferð.

Opið fjós á Kotlaugum

Hjónin á Kotlaugum þau Sigrún Einarsdóttir og Sigurjón Sigurðsson
„opnuðu fjós“ sitt uppá gátt s.l. mánudag. Þar söfnuðust bændur saman
og skoðuðu fjósið sem þau hafa verið að endurbæta, sett upp mjaltþjón
og allt sem slíkri tækni viðvíkur. „Meira að segja er flórskafa sem virkar í
þessu fjósi“ sagði einn bóndinn glettinn. Þetta er skemmtilegur siður og
orðið nokkuð síðan að síðast var „opið fjós“, í hreppnum en það var í
Auðsholti fyrir tæpum tveimur árum. Þarna skiptast bændur á skoðunum,
velta fyrir sér því helsta sem tilheyrir atvinnugreininni Það er full ástæða
til þess að hvetja bændur til þess að halda þessum góða sið við. Þá kynnti
Hjörtur Benediktsson, sölumaður allskyns vörur sem tengjast mjöltum og
umhirðu í fjósum. Hjörtur er góð eftirherma eins og margir þekkja. Hann
fór þó leynt með þá hæfileika sína í fjósinu var þess duglegri við kyn-
ninguna.

Enn ætlar ritstjóri Þésann að vitna í Ásgeir frá Kaldbak. Hann laumar oft
einhverju fróðlegu að karli þegar sá síðar nefndi kemur í kaffikrókinn í
búðinni til að sníkja sér í nefið. Ásgeir sagði á dögnum m.a. frá mál-
tækinu : „Varaðu þig á henni Kotlaugarkeldu hún hefur mörgum körsku-
m í keldu steyp“. Hvorki oddviti né sveitarstjóri urðu varir við kelduna
góðu í heimsókn sinni í „opið fjós“ á Kotlaugum. Hvort þeir eru karskir
karlar verða aðrir að dæma um.

Viðvera oddvita á Skrifstofu Hrunamannahrepps er
á mánudögum frá kl:10:00-12:00

Tónleikar og góðir gestir

Þann 20. febrúar n.k. kl. 20.30 verða sameiginlegir tónleikar nokkurra kóra hér í Félagsheimili Hrunamanna. Fyrst skal fræga telja gamla Fóstbræður eins og þeir kalla sig. Þá kemur hingað Borgfiski kórinn Freyjurnar og ekki má gleyma Karlakór Hreppamanna. Sem fyrr stýrir Edit Molnár karakórnum og hin bráðfimi eiginmaður hennar Miklos Dalmay fer fimum höndum um-nótnaborð flygilsins. Þó nokkuð margir kórfélagar hafa verið í Bændaskólanum á Hvanneyri og hefur brugðið fyrir glampa í augum þeirra þegar talað er um Freyjurnar í Borgarfirðinum.

Stelpurnar okkar annað besta körfuknattleikslíð landsins


Landsliðið okkar stóð sig með miklum ágætum í Evrópukeppninni í síðasta mánuði. En það eru fleiri fræknir en strákarnir okkar eins og við köllum þá svo oft þegar vel gengur. Stelpurnar okkar í 10 flokki kvenna í körfuknattleik hafa svo sannarlega lagt land undir fót, voru á Patreksfirði á dögnum og um síðustu helgi kepptu þær í Haukahúsinu Ásvöllum í Hafnarfirði. Þær eru nú í öðru sæti í A riðli í Íslandsmótinu í 10. flokki KKÍ. Keflavíkurstúlkur verma enn fyrsta sætið en fast á eftir fylgja UMFH stúlkurnar. Bikarleikur var milli þessara stúlkna í gærkvöldi og þegar Pésinn fór í prentun bentu allir veðbankar til þess að UMFH stúlkurnar myndu sigra. Áfram stelpur!

Menningarstyrkir 2010

Menningarráð Suðurlands mun auglýsa eftir umsóknum um menningarstyrki vegna ársins 2010. Fulltrúi menningarsjóðs mun verða á skrifstofu Hrunamannahrepps frá kl. 10.00 til 11.30 miðvikudaginn 3. mars n.k. Þeir sem áhuga hafa á að sækja um styrki er bent á að koma til skrafs og ráðagerðar við menningarfulltrúa Suðurlands þennan dag á skrifstofu hreppsins.

Hraðakstur í þéttbýli

Talsverð umferð er í gegnum þéttbýlið á Flúðum. Athugull vegfarandi sem oft á leið um og vinnur mikið með ungu fólki hefur beðið um að koma þeim vinsamlegu tilmælum til akandi vegfarenda að aka hægar í gegnum Flúðir. Pésinn tekur heilshugar undir þetta. Reyndar hafa forsvarsmenn oft rætt um þessi mál við fulltrúa Vegagerðarinnar, óskað eftir að settar verði upp fleiri hraðahindranir auk þess sem gerð verði undirgöng undir veginn fyrir gangandi vegfarendur sem búa í Hofatúninu eða koma gangandi af hinu nýja tjaldsvæði á Flúðum. Við þurfum öll að halda áfram að þrýsta á umbætur af þessu tagi.



FLÚÐA-TAXI

Uppveita Árneshjól

Jón. Unnar Guðmundsson



Sími 893 1462

3 farþega bíll

Bændur *****Bændur

Minni á deildarfund Sláturfélags Suðurlands fyrir Hrunamanna-
deild, Gnúpverjudeild og Skeiðadeild, sem verður í Árneshól

Miðvikudaginn 24. febrúar n.k. Kl. 21

Sýnum starfi félagsins áhuga með því að fjölmenna. Veitingar.

ATHUGIÐ!!!

Sauðfjárslátrun verður miðvikudaginn 17. mars n.k.

Bændur eru beðnir um að hafa samband við deildarstjóra

Kveðja, Deildarstjóri Hrunamannadeildar.

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðins-
götu 1-3 sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl.

13:00, Á Selfossi hjá Húsa-
smiðjunni og Byko kl.

14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar
856 1581 Stefán



Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafnið er opið:



Mánudaga Kl. 20-21

Priðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Aðgangur að tölvu fyrir almenning gegn vægu gjaldi.

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestrarstund er gæðastund J

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://www.fludir.is/bokasafn/>



Frá Félagi eldri Hrunamanna.

Aðalfundur félagsins verður haldinn í
Félagsheimili Hrunamanna fimmtudaginn 11. mars ,
að loknu opnu húsi, um kl: 15:30. Venjuleg aðalfundastörf.
Nýir félagar ávallt velkomnir.

Árshátíð félagsins verður haldin á Hótel Flúðum
fimmtudaginn 18. mars. Nánar auglýst í næsta Pésa.
Stjórnin.

Körfuboltafréttir.

Nú eru körfuknattleiksíðkendur komnir á fleygiferð að nýju eftir smá pásu yfir jól og áramót.

Seinniumferð á Íslandmótum er hafin með pomp og prakt- þar höfum við Hrunamenn verið að standa okkur með slíkri þryði að eftir er tekið ,það þykir undravert hversu góðum árangri við náum í ekki stærra samfélagi sjálf var ég stödd ekki alls fyrir löngu á formannafundi KKÍ og voru menn á þeim bæ undrandi yfir því góða og öflugna starfi sem að hér er unnið. Krakkarnir eru að standa sig svo vel og hafa einstakan áhuga á að bæta sig og vilja bara ná á toppinn ! Það segir mér að við höfum á að skipa frábærum þjálfurum sem að eru mjög metnaðarfullir og hafa einstakt lag á krökkunum þeir vinna mjög óeingingjarnt starf með börnunum okkar og eru góðar fyrirmyndir .Í vetur hafa þeir öðlingar Bragi Viðar í Túnsbergi, Siggí á Kotlaugum og Árni Þór séð um þjálfunina og tekist einstaklega vel upp, einnig var hann Andri að þjálfja hjá okkur fyrripart vetrar og stóð sig með mikilli þryði allir spila þessir flottu strákar með meistaraflokk Hrunamanna. Ekki hefur meistaraflokknum tekist að vinna neinn leik í vetur en oft hefur munað mjög „mjóu“ trúir því að sigur sé á næsta leiti. Mikil stemning er á heimaleikjum og börn og fullorðnir hópast í íþróttahúsið (Flúðahöll) að styðja við bakið á strákunum okkar – það að strákarnir spili í 1.deildinni hefur eftl mjög allan áhuga á körfubolta og líta ungu körfuboltakrákkarnir mjög upp til meistaraflokksins. Strákarnir okkar eru frábærir íþróttamenn og leggja mikið á sig til þess að leika undir okkar merkjum ,margir eru í háskólanámi í Reykjavík og keyra hingað á Flúðir til þess að mæta á æfingar einnig eru þeir duglegir utan vallar við fjáröflun og vinna mikið starf fyrir deildina í heild sinni . Einnig ætla ég að minnst á það hversu gaman og gott það er að fá krakkana úr nágrennsveitunum til samvinnu við UMFH það er sannarlega ánægjulegt .

Nú er bara að halda áfram að efla og hvetja.

Það verður sem þú væntir.

Það vex sem að er hlúð.

Allir þeir sem að stutt hafa við bakið á körfuknattleiksdeild UMFH fá sérstakar þakkir

F.h stjórnar körfuknattleiksdeildar UMFH

Stína.

Á einhver notaðar fjósmottur, sem hann er tilbúinn til að selja??
Manni sími 899 0772

Fótboltafréttir

Á fundi knattspyrnudeildar þann 25. janúar síðastliðinn var ákveðið að senda í fyrsta skipti kvennalið til keppni á Íslandsmót 5. fl. kvenna sumarið 2010. Þá mun 3. fl. karla og 4. fl. karla taka áfram þátt í 11 manna bolta á Íslandsmóti sumarið 2010. Enn nær leikmaður okkar augum landsliðsþjálfara U-15. Hafþór Ingi Ragnars og Mörtusonur var við æfingar í Kórnum helgina 30. – 31. janúar. Þá hefur yfirþjálfari Fjölnis Lárus Grétarsson boðið Hafþóri Inga og Guðmundi Aroni að æfa með þeirra aldurshópi fram á vor. Í desember síðastliðnum nutum við góðs af þjálfun Atla Heimissonar sem er atvinnumaður hjá Asker í Noregi. Atli var með markvissar og hressandi æfingar fyrir liðsmenn deildarinnar og var þetta fyrirtaks leið til að kynnst því hvernig atvinnumenn æfa og því sem er að gerast í boltanum annars staðar. Munið að það getur verið kalt á útiæfingum, klæðið ykkur því eftir veðri.

Fyrir hönd deildar, Heimir þjálfari gsm. 8943030.

KAFFIHÚSAKVÖLD 19. febrúar

Föstudagskvöldið 19. febrúar verðum við með kaffihúsakvöld í Félagsheimili Hrunamanna milli kl. 19 og 21. Boðið uppá veitingar, ýmiskonar skemmtun og kökubasar.

Vonumst til að sjá sem flesta, foreldra, systkini, afa og ömmur og ykkur öll hin J

Unglingaráð Zero




Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur Lóggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Pizza



Golf

Kaffi-Sel, golfskálanum, verður opið um helgar í mars sem hér segir:

Föstudaga frá kl. 17.00 til 20.30

Laugardaga frá kl. 12.00 til 20.30

Lokað á sunnudögum.

**ATH! Opið verður sunnudaginn 7. mars, daginn eftir
hjólaball, frá kl. 13.00 til 20.30.**

Hægt er að leika á golfvellinum á vetrarflötum, ef veður leyfir. Vinsamlegast gefið ykkur fram í golfskála.

**Verið hjartanlega velkomin
Kaffi-Sel - Sími 486-6454**

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA!

Heimasíða: www.kaffisel.is Netfang: info@kaffisel.is

Starfsmaður frá Arion banka á Selfossi er til viðtals á Skrifstofu Hrunamannahrepps annan þriðjudag í hverjum mánuði (næst 9 mars um kl. 14:00)

Til leigu 97 fm kj íbúð innifalið þinglýstur húsaleigusamningur hiti internet vöktun kr 70.000 á mánuði (3 mán fyrirfram) +rafmagnið og 10% skattur Er að Unnarholtskoti 1 Flúðum dreifbýli.

afhending samkomulag gbb@post.com 6901796

Til leigu nú í feb og mars (kannski lengur)herbergi í Unnarholtskoti 1 innifalið hiti rafmagn internet vöktun húsgögn (rúmföt ef vill) sér ísskápur,engin gæludýr,reykingar bannaðar,reglusemi.

22.500kr feb 22.500kr mars (var 29.000)verðið er með skatti og báðir fyrirfram gbb@post.com 6901796 Til sölu á sama stað einhver antik húsgögn,og borðplötur í skrifstofu,tilboð óskast,sýnt eftir pöntunum.

Kjöt frá Koti



Nú um áramótin opnuðum við kjötvinnslu í Langholtskoti. Þar sem við vinnum okkar nautgripi.

Þar er hægt að kaupa nautakjöt í því magni sem hentar hverjum og einum. Steikur og hakkpakkningar í stykkjatali, heilan,hálfan eða fjórðung úr skrokk og 20 kg. pakkningu sem er 12 kg. hakk og 8 kg. vöðvar og gúllas.

Kjötið er úrbeinað og pakkað í lofttæmdar umbúðir, hver vöðvi er merktur og kemur þar fram þyngd og dagsetning.

Kjötið er afgreitt á staðnum einnig er hægt að koma því til kaupanda.

Verð á kjöti af holdakyni 1550 kr. pr. kg. og 1450 kr. pr. kg. af íslenskum stofni ef keypt er heilan, hálfan, fjórðung úr skrokk eða 20kg.pakkning.

Kjötið er afgreitt frosið og miðast allt verð við staðgreiðslu.

FRÉTTATILKYNNING

Múrbúðin opnar á Flúðum í apríl

Byggingavöruverslun undir merkjum Múrbúðarinnar tekur til starfa á Flúðum í apríl næstkomandi.

Að versluninni standa Jóhann Unnar Guðmundsson og fjölskylda á Flúðum.

Múrbúðin á Flúðum verður rekin samkvæmt samstarfssamningi milli Jóhanns Unnars og Múrbúðarinnar. Þar verða til sölu flestallar sömu byggingavörur og fást í Múrbúðinni í Reykjavík og á sama lága verðinu og Múrbúðin er fræg fyrir.

Múrbúðin er einnig með mikið úrval af flísum og baðherbergistækjum og verður sýningarsalur fyrir þessar vörur á Flúðum, Afgreiðslufrestur af lager verður aðeins einn dagur.

Jóhann Unnar segir að þörf sé á byggingavöruverslun fyrir Flúðir og nágrenni og því hafi hann leitað eftir samstarfi við Múrbúðina. Jóhann hefur rekið flutningaþjónustu á Flúðum um árabil og með henni tryggir hann gott vöruframboð og stuttan afgreiðslutíma á stærri vörum.

Múrbúðin á Flúðum verður að Smiðjustíg 6A.

MÚRBÚÐIN

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plökkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímapantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

NEGLUR-NEGLUR

Þær, sem hafa áhuga á að fá sér neglur t.d fyrir hjónaball endilega hafið samband við mig í síma 847 0678
Anna María

Línudans fyrir eldri borgara, 60 ára og eldri

Námskeiðið hefst mánudaginn 8. mars, kl. 17.00 og fer fram í golf-skálanum að Efra-Seli. Kenndur verður línudans ofl. og gert er ráð fyrir 8 kennslustundum. Verð ræðst af þátttakendafjölda, en verður á bilinu 4-5 þús. kr. /mann. Engin skráning – bara mæta hress og kát og taka þátt í góðri hreyfingu. Leiðbeinendur verða Ásta og Halldór á Seli.

Samkaup **strax**

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Óskum eftir að ráða fólk
til starfa í sumar.

Upplýsingar gefur Verslunarstjóri
á staðnum.

Samkaup strax

ATVINNA!!!

Samkaup Strax á Flúðum

**Starfsmann vantar í almenn verslunarstörf,
seinni part dags.**

**Upplýsingar gefur verslunarstjóri á staðnum
eða í síma 486 6633**

*Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00*

**Tækjasalurinn í Íþróttahúsinu er opin:
Mánudaga til föstudaga frá kl. 15:30-21:00**

Sundlaugin á Flúðum.

Vetraropnun

Mánudaga til fimmtudaga: 16:00-20:00

Föstudaga: LOKAÐ

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-17:00

**Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási 480 5300
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**

Taktu þér tak með
Herbalife.
Eva Marín Hlynisdóttir
Sjálfstæður dreifingar-
aðili Herbalife.

silja1@simnet.is / 892

16

6728



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hruna-
manna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665.**

Inga Birna.



Flúðaleið ehf



Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370 Pálmar

892-2371 Snævar.

892-2372 Bjösssi.

*Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar*

Fjáröflun - Kaffihúsakvöld.

Föstudagskvöldin 19. og 26. febrúar ætla unglíngarnir í Zero að halda kaffihúsakvöld þar sem boðið verður uppá veitingar og skemmtidagskrá. Þessar uppákomur eru hluti af fjáröflun unglínganna vegna ferðar á Samfés festivalið í byrjun mars. Unglíngarnir sjá um allt skipulag og framkvæmd, en ef einhverjir foreldrar hafa áhuga á að leggja þeim lið, þá sérstaklega á kvöldunum sjálfum væri það vel þegið.

Einnig er stefnan að vera með kökubasar og vonum við að foreldrar sjái sér fært um að taka þátt í honum.

Nánari upplýsingar um Samfés, fjáröflunina og Zero munu koma inná heimasíðuna zero.fludir.is

Einnig hægt að hafa samband við Hjalta í síma 865-8151 eða í gegnum netfangið hjalti@fludir.is

Við minnum á búrekstrarvöruverslun okkar

Þar höfum við meðal annars til sölu:

Kálfaduft tvær gerðir, startfóður (musli) fyrir ungfálfa og framhaldsfóður fyrir eldri kálfa.

Propylenglycol - súrdoðaorkuskotið.

Einnig hestakjarnfóður í 25 kg. pokum

Verið velkomin



**Vitalic -
hestaköggjar**



Eigum ávallt á lager milligerðir, átgrindur, milligrindur, gerðisgrindur, steinbita, gúmmímottur og renninga.

Fjölbreytt úrval festinga

Gúmmírenningar
á steinbita





Unnið við bókband í Heimalandi.

Ljós:SigSigm



Benedikt í Auðsholti með fangið fullt af börnum

Ljós:SigSigm



Á dögunum afhenti Kvenfélagið Björgunarfélaginu góðar gjafir . Ljós: SigSigm

